


ÁRSSKÝRSLA 2004



Bjarni Guðmundsson í Túni var í frímerkjavíðskiptum við fólk víða á landinu.

Að baki þessa stutta bréfs er mikill örlagaatburður. Þann 7. sept. 1927 var pósturinn á leið vestur yfir Breiðamerkurjökul. Með í för voru tvær konur, fjórir karlar og 7 hestar. Jökullinn var sprunginn og illur yfirferðar svo höggva þurfti slóð fyrir hestana. Einn í hópnum, Jón Pálsson kennari frá Svínafelli í Örafum, gætti hestanna á meðan. Þá sprakk jökullinn undir manni og hestum og hvarf

Jón þar ásamt fjórum hestum en hinir þrír sáust og varð bjargað með erfíðismunum. „En jökullinn skilar sínu.“ Sumarið eftir fannst hesturinn með póttöskurnar og lík Jóns fannst einnig á ferðakofforti sem þótti benda til að hann hefði lifað fallið af.

Annáll 2004

Rekstur safnsins var umsvifamikill en þó ekki til jafns við árið 2003. Þær breytingar urðu helstar að Björn Pálsson héraðsskjalavörður var í 100% stöðu og Skúli Sæland, sagnfræðingur og garðyrkjumaður, var ráðinn sem aðstoðarmaður í 55% stöðuhlutfall og gildi sú skipan til ársloka. Stjórn og varastjórn var óbreytt og skoðunarmenn ársreiknings hinir sömu og áður. Afhendingar til safnsins urðu 41. Stærst eru skjalasöfn Ólafs Ketilssonar á Laugarvatni, Gjúpverjahrepps og frá Barna- og Gagnfræðaskólunum á Selfossi. Af merkjum skjölum má nefna skjalasafn Gísla Guðmundssonar frá Bitru í Hraungerðishreppi. Auk þess að innihalda gagnmerk skjöl Hraungerðishrepps frá síðari helmingi 19. aldar eru þar í skjöl sem bregða ljósi á aðdraganda og upphafsár Kaupfélags Árnesinga hins fyrsta sem stofnað var á Húsatóftum á Skeiðum 1888.

Rekstrartekjur safnsins urðu 8.303.938 kr. eða rúm 6% undir áætlun. Munar þar mestu að ekki fékkst 650.000 kr. viðbótarframlag vegna aðstoðarmanns sem sótt var um til Héraðsnefndar. Rekstrargjöld urðu 8.465.012 kr. eða rúm 4% undir áætlun. Lausafjárstaðan versnaði því um 161.067 kr. og var 1.052.845 í árslok. Í stofnbúnaðarkaupum vóg þyngst nýr hugbúnaður, uppfærsla eldri hugbúnaðar og nýr skjalatætarei.

Gestir safnsins urðu 1247 og var það aukning um 100 frá fyrra ársmeti. Þann 27. mars var opnuð sýning á skjölum og ljósmyndum sérleyfishafanna Ólafs Ketilssonar á Laugarvatni og Bjarna Guðmundssonar frá Túni og er hún enn uppi. Héraðsskjalavörður sótti árlegt þing héraðsskjalavarða og starfsmanna Þjóðskjalasafns sem haldið var á Ísafirði. Meginþema þingsins var rafræn skjalavarsla og miðlun. Tveir stjórnarfundir voru haldnir. Hinn fyrri var í apríl þar sem m.a. var gengið frá ársskýrslu og ársreikningi vegna 2003 og ráðningarsamningi nýs aðstoðarmanns. Sá síðari var í október þar sem fjárhagsáætlun ársins 2005 var afgreidd og fleiri mál rædd.

Mikil vinna var lögð í gerð rafrænna geymsluskráa en margt er þar enn óunnið svo sem lokafrágangur á skjölum sýslumanns Árnessýslu. Á síðari hluta ársins fór töluverð vinna í lokafrágang og umbrot Árnesings VI sem Sögufélag Árnesinga gaf út í byrjun desember. Það er samkvæmt þeirri stefnu að stuðningur við söguritun í héraði sé eitt hlutverka safnsins enda styrki það starfsemi þess.

**Viðskiptavinum öllum, notendum
og gefendum, er þakkað samstarfið**

héraðsskjalavörður

Úr aðfangaskrá Héraðsskjalasafns Árneseinga 2004

- | | | |
|----------|--|-------------------------------|
| A | Opinber skjöl sveitarfél. o.fl.: | Sá/Sú sem afhenti: |
| 1) | Gagnfræðaskólinn á Selfossi | Guðmundur Ásmundsson |
| 2) | Gaulverjabæjarhreppur | Pormóður Sturluson |
| 3) | Gnúpverjahreppur | Ingunn Guðmundsd. sveitarstj. |
| 4) | Grímsneshreppur | Böðvar Pálsson |
| 5) | Hraungerðishreppur | Ásdís Ágústsdóttir |
| 6) | Hreppstjórinn í Biskupstungnahreppi | Arnór Karlsson |
| 7) | Hreppstjórinn í Grímsneshreppi | Böðvar Pálsson |
| 8) | Iðnfulltrúinn í Suðurlandsumdæmi | Ármann Ægir Magnússon |
| 9) | Iðnskólinn á Selfossi | Sverrir Andrésen |
| 10) | Reykholtskóli í Biskupstungum | Arndís Jónsdóttir skólastj. |
| 11) | Sjúkrasamlag Gaulverjabæjarhrepps | Pormóður Sturluson |
| 12) | Skólaskrifstofa Suðurlands | Kristín Hreinsdóttir |
| 13) | Sóknarnefnd Búrfellkirkju | Böðvar Pálsson |
| 14) | Sóknarnefnd Hveragerðiskirkju | Auðunn Guðjónsson |
| 15) | Sólvallaskóli | Guðmundur Ásmundsson |
| 16) | Stokkseyrkirkja | Sigþóra Sigþórsdóttir |
| 17) | Þingborgarskóli | Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson |
| B | Skjöl félaga, fyrirtækja og einstaklinga: | Sá/Sú sem afhenti: |
| 1) | Ágúst og Ingveldur á Brúnastöðum | Ásdís Ágústsdóttir |
| 2) | Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps | Pormóður Sturluson |
| 3) | Eiríkur Ágúst Sæland | Sveinn Auðunn Sæland |
| 4) | Gísli Guðmundsson, Bitru | Ásdís Ágústsdóttir |
| 5) | Halldór Þórðarson, Litla-Fljóti | Halldór Þórðarson |
| 6) | Hitavatnseigendur Reykholtshvers | Sveinn Auðunn Sæland |
| 7) | Hugvaki, foreldra- og kennarafélag Sandvíkursk. | Hansína Kristjánsdóttir |
| 8) | Iðnaðarmannafélag Rangæinga | Ármann Ægir Magnússon |
| 9) | Jarðborun hf. | Sveinn Auðunn Sæland |
| 10) | JC-félagið á Selfossi | Bárður Guðmundsson |
| 11) | Kaupfélag Árneseinga hið fyrsta | Ásdís Ágústsdóttir |
| 12) | Kennarafélag Suðurlands | Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir |
| 13) | Kristín Pálsdóttir | Bjarni Kristinsson |
| 14) | Jón Ingvarsson, Skipum, Stokkseyrarhr. | Helgi Ívarsson |
| 15) | Ólafur Ketilsson á Laugarvatni | Ólafur Elfar Sigurðsson |
| 16) | Prentsmiðja Suðurlands | Örn Grétarsson |
| 17) | Rebekka Eiríksdóttir frá Sandhaugum | Anna Guðrún Bjarnardóttir |
| 18) | Sigurjón Gíslason, Kringlu | Böðvar Stefánsson |
| 19) | Skúli Gunnlaugson á Kiðjabergi og Bræðratungu | Páll Skúlason |
| 20) | Sunniðn | Ármann Ægir Magnússon |
| 21) | Sveitarprýði í Grímsnesi / söfnunarsjóður | Böðvar Pálsson |
| 22) | Ungmennafélagið Hvöt í Grímsnesi | Böðvar Pálsson |
| 23) | Vatnsveitufélag Laugaráss | Skúli Sæland |
| 24) | Porfinnur og Steinunn á Spóastöðum | Steinunn Þórarinsdóttir |
| C | Ljósmyndir afhentu: | |
| | Ólafur Elfar Sigurðsson, Anna Guðrún Bjarnardóttir, Böðvar Pálsson, Bárður Guðmundsson o.fl. | |

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

(skammstöfun HérÁrn)

Austurvegi 2, 800 SELFOSS. Kt. 630189-2849

Sími 482-1259 og netfang herarn@simnet.is

Opnunartími

Mánudaga, þriðjudaga og föstudaga kl. 14:00 - 18:00

og fimmtudaga kl.14:00 - 19:00

Stjórn safnsins

Páll Lýðsson, Litlu-Sandvík, formaður

Magnús Á. Ágústsson, Lindarbrekku, Hveragerði, varaformaður

Árni Erlingsson, Birkivöllum 22, Selfossi, ritari

Héraðsskjalavörður / Skjalavörður

Björn Pálsson, Heiðarbrún 51, Hveragerði, sími 483-4389 og 861-5092 /

Skúli Sæland, Varmagerði, Laugarási í Bláskógabyggð

REKSTRARYFIRLIT ÁRSINS 2004

	2004	Áætlun	2003
<u>REKSTRARTEKJUR:</u>			
Héraðsnefnd Árneseinga	7.250.000	7.900.000	6.520.000
Þjóðskjalasafn Íslands	700.000	700.000	800.000
Seld þjónusta	352.428	250.000	2.272.800
Vaxtatekjur	3.590	0	4.099
Samtals	8.306.018	8.850.000	9.596.899
<u>REKSTRARGJÖLD:</u>			
Laun og launatengd gjöld	6.300.484	6.350.000	6.621.010
Annar rekstrarkostnaður	1.906.359	2.100.000	2.142.466
Vaxta- og færslugjöld	2.073	0	3.145
Stofnbúnaður	258.169	400.000	216.644
Samtals	8.467.085	8.850.000	8.983.265
<u>HÆKKUN (LÆKKUN)</u>			
<u>Á HREINU VELTUFÉ:</u>	<u>(161.067)</u>	0	613.634
<u>BREYTING Á HREINU VELTUFÉ:</u>			
Veltufjárstaða í árslok	1.052.845	1.213.912	1.213.912
Veltufjárstaða í ársbyrjun	1.213.912	1.213.912	600.278
<u>BREYTING Á ÁRINU</u>	<u>(161.067)</u>	0	613.634